

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/78/EB

frá 18. desember 1997

um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Dýraafurðir, afurðir úr dýraríkinu og plöntuafurðir sem eftirlit er haft með í því skyni að koma í veg fyrir útbreiðslu smitandi dýrasjúkdóma eru taldar upp í II. viðauka við sáttmálann.
- 2) Með setningu meginreglna í bandalaginu um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum frá þriðju löndum verður auðveldara að tryggja nægar vörubirgðir og stöðugleika markaðarins auk þess sem nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda dýraheilbrigði og almannaheilbrigði eru samhæfðar um leið.
- 3) Vegna tilkomu hins innri markaðar er nauðsynlegt að setja sameiginlegar meginreglur um dýraheilbrigðiseftirlit þar eð eftirlit á innri landamærum hefur verið lagt niður.
- 4) Frá því að tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁴⁾ var samþykkt hefur beiting tilskipunarinnar orðið fullkomin og ný reynsla fengist. Rétt er að breyta tilskipuninni til að auka gagnsæi.
- 5) Setja ber samhæfð skilyrði um allar afurðir úr dýraríkinu sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum. Af þeirri ástæðu ber að hafa eina eftirlitsáætlun fyrir þessar afurðir og gera viðeigandi breytingar.
- 6) Setja ber reglur um að dýraheilbrigðiseftirlit skuli fara fram á skoðunarstöð á landamærum með sendingum sem hafa verið fluttar til bandalagsins án þess að vera framvísað á slíkri stöð.
- 7) Í ákveðnum tilvikum er aðildarríkjunum heimilt að setja fram viðbótarkröfur um afurðir sem flytja á inn. Aðildarríkið sem annast eftirlitið verður að taka tillit til þessara innlendu viðbótarkrafna við eftirlitið.
- 8) Setja ber skýrar reglur um hvar eftirlitið skuli fara fram þegar afurðum með lokaviðtökustað í bandalaginu er umskipað í skip eða flugvélar.
- 9) Samkvæmt löggjöf bandalagsins ber að hafa eftirlit með tilteknum afurðum frá komustað þeirra í bandalaginu til viðtökustaðarins í því skyni að standa vörð um heilbrigði manna og dýra. Um þetta ber að setja strangar reglur.
- 10) Setja ber strangar reglur til að tryggja að afurðir sem tekið er við á landamærum bandalagsins, en bandalagið er ekki lokaviðtökustaður, verði sendar aftur frá bandalaginu.
- 11) Þær afurðir sem standast innflutningskröfur bandalagsins skulu hafðar aðskildar frá þeim sem ekki standast kröfurnar. Mæla ber fyrir um tvö aðskilin eftirlitskerfi vegna þessa mismunar.
- 12) Birgðir afurða úr dýraríkinu handa áhöfn og farþegum við sjó- og loftflutninga hefur umtalsvert viðskiptalegt vægi í bandalaginu. Oft á tíðum standast þessar afurðir ekki kröfur bandalagsins. Því ber að setja strangar reglur í því skyni að standa vörð um heilbrigði manna og dýra.
- 13) Afurð frá bandalaginu sem er vísað frá af þriðja landi og endursend til bandalagsins telst ekki lengur standast kröfur bandalagsins. Því ber að setja strangar reglur í því skyni að standa vörð um heilbrigði manna og dýra.
- 14) Gera skal fleiri öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir svik og kveða á um samhæfðar ráðstafanir til að uppræta sviksamlega starfsemi og koma í veg fyrir brot.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 285, 23.8.1997, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. EB C 85, 17.3.1997, bls. 76.⁽³⁾ Stjtið. EB C 66, 3.3.1997, bls. 43.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 373, 31.12.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB (Stjtið. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1).

15) Verulegar breytingar hafa nokkrum sinnum verið gerðar á tilskipun 90/675/EBE. Nú þegar frekari breytinga er þörf ber að fella þá tilskipun úr gildi og semja nýja til glöggvunar og hagræðingar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem eru fluttar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka skal fara fram á vegum aðildarríkjanna í samræmi við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar í 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/662/EBE frá 11. desember 1989 um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾ og í 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽²⁾, eftir því sem við á.

2. Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „afurðir“: afurðir úr dýraríkinu sem um getur í tilskipunum 89/662/EBE og 90/425/EBE, þar með taldar auka-afurðir úr dýraríkinu sem falla ekki undir II. viðauka við sáttmálann, og plöntuafurðir sem um getur í 19. gr.;
- b) „sannprófun skjala“: sannprófun dýraheilbrigðisvottorðs eða -vottorða, dýraheilbrigðisskjals eða -skjala og annars skjals eða annarra skjala sem fylgja sendingu;
- c) „sannprófun auðkenna“: sannprófun, sem fer fram með sjónrænni skoðun, á því að dýraheilbrigðisvottorð, dýraheilbrigðisskjal eða -skjöl eða annað skjal eða önnur skjöl sem kveðið er á um í dýraheilbrigðislöggjöf samsvari viðkomandi afurðum;
- d) „eftirlit með ástandi“: eftirlit með sjálfrí afurðinni, ef til vill með því að athuga umbúðir og kanna hitastig, einnig með sýnatöku og prófun á rannsóknarstofu;
- e) „einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum“: einstaklingur eða lögpersóna sem, í samræmi við ákvæði

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE (Stjtuð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE.

reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um tollskrárnúmer bandalagsins ⁽³⁾, ber ábyrgð á ýmsum aðstæðum er falla undir nefnda reglugerð og varða sendinguna og fulltrúi hans sem um getur í 5. gr. reglugerðarinnar og ber ábyrgð á því að fylgja eftir því eftirliti sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun;

- f) „sending“: magn afurða af sömu tegund sem sama eða sömu dýraheilbrigðisvottorð, dýraheilbrigðisskjal eða -skjöl eða annað skjal eða önnur skjöl gilda um, eins og kveðið er á um í dýraheilbrigðislöggjöf, og sem er flutt með sama flutningatæki og kemur frá sama þriðja landi eða hluta þriðja lands;
- g) „skoðunarstöð á landamærum“: skoðunarstöð, tilnefnd og viðurkennd í samræmi við 6. gr., þar sem fram fer dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru sendar frá þriðju löndum til landamæra eins af yfirráðasvæðunum sem um getur í I. viðauka;
- h) „innflutningur“: frjáls dreifing afurða og sá ásetningur að setja afurðir í frjálsa dreifingu í skilningi 79. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92;
- i) „tollafgreidd meðhöndlun eða notkun“: tollafgreidd meðhöndlun eða notkun sem um getur í 15. lið 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92;
- j) „innflutningsskilyrði“: dýraheilbrigðiskröfur um afurðir sem flytja á inn, sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins;
- k) „lögbert yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem hefur umboð til að annast dýraheilbrigðiseftirlit eða annað yfirvald sem fær slíkt umboð í hendur frá áðurnefndu stjórnvaldi.

I. KAFLI

SKIPULAGNING OG ÁHRIF EFTIRLITS

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að engin sending frá þriðja landi sé flutt inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka nema að loknu tilskildu dýraheilbrigðiseftirliti samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sendingar frá þriðja landi séu fluttar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka um skoðunarstöðvar á landamærum.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 82/97 (Stjtuð. EB L 17, 21.1.1997, bls. 1).

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að einstaklingar sem eru ábyrgir fyrir farminum séu skyldir til að senda upplýsingar fyrirfram með því að fylla út vottorðið sem um getur í 1. mgr. 5. gr., ef við á, eða gefa starfsmönnum dýraheilbrigðiseftirlitsins á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum nákvæma lýsingu á sendingunni sem um getur í 1. mgr., þar með talið á afurðunum sem um getur í 9. gr. og 1. mgr. 19. gr., annaðhvort skriflega eða á tölvutæku formi.

Aðildarríkjunum er heimilt að skoða farmskrár skipa og flugvéla og ganga úr skugga um að þær samsvari áður nefndum yfirlýsingum og skjölum.

4. Tollyfirvöldin sem skoðunarstöðin á landamærunum heyrir undir skulu því aðeins leyfa fyrirhugaða tollafgreidda meðhöndlun eða notkun sendingar að hún sé í samræmi við skilmálana sem tilgreindir eru á vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

5. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum hvað varðar skrána um þær afurðir sem falla undir dýraheilbrigðiseftirlit.

4. gr.

1. Hver sending heyrir undir dýraheilbrigðiseftirlit lögbærs yfirvalds á skoðunarstöð á landamærum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., og opinber dýralæknir ber ábyrgð á eftirlitinu í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr.

2. Við hverja sendingu skal opinberi dýralæknirinn, á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 3. mgr. 3. gr., fletta upp í gagnasafninu sem um getur í I. viðauka við ákvörðun ráðsins 92/438/EBE frá 13. júlí 1993 um tölvuvæðingu dýraheilbrigðisreglna um innflutning (Shift-áætlunin) ⁽¹⁾. Við hverja sendingu sem ætluð er til innflutnings inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka skal hann einnig, ef nauðsyn ber til, fletta upp í gagnasafninu sem um getur í II. viðauka við ákvörðun 92/438/EBE.

Opinberi dýralæknirinn skal sjá til þess að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að uppfæra gagnasafnið sem kveðið er á um í ákvörðun 92/438/EBE.

3. Hver sending skal heyra undir sannprófun skjala, þrátt fyrir tollafgreidda meðhöndlun eða notkun, svo að unnt sé að staðfesta:

- a) að upplýsingarnar á vottorðunum eða í skjölunum, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., svari til upplýsinganna sem sendar eru fyrirfram í samræmi við 3. mgr. 3. gr.;

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 243, 25.8.1992, bls. 27. Ákvörðun eins og henni var breytt með aðildarlögunum frá 1994.

b) við innflutning að einstök atriði á vottorðunum eða skjölunum sem um getur í 1. gr. eða öðrum skjölum veiti tilskilda ábyrgð.

4. Fyrir utan sérstök tilvik sem fastsett eru í 9. til 15. gr. skal opinberi dýralæknirinn annast eftirfarandi eftirlit:

a) sannprófun auðkenna hvernar sendingar til að ganga úr skugga um að afurðirnar samsvari upplýsingunum á meðfylgjandi vottorðum eða skjölum. Sé ekki um að ræða vörusendingar í lausri vigt, sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/118/EBE frá 17. desember 1992 varðandi kröfur um heilbrigði dýra og manna sem hafa áhrif á viðskipti innan og innflutning til bandalagsins á vörum sem umræddar kröfur í sérreglum bandalagsins sem um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 89/662/EBE, og í tilskipun 90/425/EBE hvað varðar lifandi smitefni, gilda ekki um ⁽²⁾, er aðferðin sem hér segir:

i) berist afurðir úr dýraríkinu í gámum skal sannprófa að innsigli sem opinberi dýralæknirinn (eða lögbæra yfirvaldið) hefur komið fyrir, og krafist er samkvæmt löggjöf bandalagsins, hafi ekki verið rofið og að upplýsingarnar á því samsvari upplýsingunum á meðfylgjandi skjali eða vottorði;

ii) í öðrum tilvikum

— á öllum tegundum afurða skal ganga úr skugga um að stimplar, opinber merki og heilbrigðismerki sem gefa til kynna upprunaland og upprunafyrirtæki séu fyrir hendi og í samræmi við upplýsingarnar á vottorðinu eða skjalinu,

— ef afurðunum er pakkað inn skal einnig athuga sérmerkingar sem kveðið er á um samkvæmt viðkomandi dýraheilbrigðislöggjöf,

b) eftirlit með ástandi hvernar sendingar:

i) til að ganga úr skugga um að afurðirnar standist kröfur samkvæmt löggjöf bandalagsins og séu hæfar til þeirrar notkunar sem tilgreind er á meðfylgjandi vottorði eða skjali.

Þetta eftirlit skal fara fram í samræmi við viðmiðanir III. viðauka;

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/90/EB (Stjútíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 24).

- ii) áður en fram fer, með þeirri tíðni sem er ákveðin fyrir 1. júlí 1999, með hliðsjón af málsmeðferð 29. gr.:

- prófanir á rannsóknarstofu á vettvangi,
- opinber taka sýna sem senda á til greiningar eins skjótt og auðið er.

5. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

5. gr.

1. Að loknu tilskildu dýraheilbrigðiseftirliti skal opinberi dýralæknirinn gefa út vottorð vegna viðkomandi afurðasendingar sem staðfestir að niðurstöður eftirlitsins séu í samræmi við fyrirmyndina í viðauka B við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/13/EBE um málsmeðferð við dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum sem fer fram á skoðunarstöðvum bandalagsins á landamærum ⁽¹⁾, og aðlaga það eftir atvikum í samræmi við 4. mgr.

2. Vottorðið sem um getur í 1. mgr. skal fylgja sendingunni:

- á meðan hún er undir tolleftriliti, og í því tilviki skal skjalið vísa til tollskjalsins,
- við innflutning, í fyrstu starfsstöðina, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 89/662/EBE, eða í fyrstu miðstöð eða fyrirtæki á viðtökustað, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 90/425/EBE.

3. Ef sendingunni er skipt skulu ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um hvern hluta.

4. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar, að meðtöldum aðlögunum á viðauka B við ákvörðun 93/13/EBE, í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

6. gr.

1. Skoðunarstöðvar á landamærum verða að vera:

- a) í næsta nágrenni við komustað á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka og á svæði sem töllyfirvöld tilnefna í samræmi við fyrstu undirgrein a- og b-liðar 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.

Í samræmi við málsmeðferð 2. mgr. er þó unnt að fallast á að skoðunarstöð sé í tiltekinni fjarlægð frá komu-

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 9, 15.1.1993, bls. 33. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 96/32/EB (Stjútíð. EB L 9, 12.1.1996, bls. 9).

stað ef nauðsyn ber til vegna landfræðilegra aðstæðna (affermingarbryggja, fjallvegur) og á fyrstu brautarstöðinni, sem lögbær yfirvöld tilnefna, þegar um járnbrautarflutninga er að ræða;

- b) undir stjórn opinbers dýralæknis sem í raun ber ábyrgð á eftirlitinu. Opinbera dýralækninum er heimilt að láta sérmenntaða starfsmenn aðstoða sig.

Hann skal sjá til þess að öll gagnasöfnin sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE séu uppfærð.

2. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr. er heimilt að breyta þeirri skrá um skoðunarstöðvar á landamærum sem í gildi er á þeim degi sem tilskipun þessi er birt, eða auka við hana:

- a) með því að færa nýja skoðunarstöð á landamærum í skrána:

- sem aðildarríki tilnefnir eftir að lögbært yfirvald hefur kannað hvort hún stenst kröfur II. viðauka þessarar tilskipunar og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 92/525/EBE frá 3. nóvember 1992 um skilyrði fyrir viðurkenningu á skoðunarstöðvum bandalagsins á landamærum sem sjá um dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum frá þriðju löndum ⁽²⁾,

- sem framkvæmdastjórnin hefur skoðað í samvinnu við lögbært yfirvald aðildarríkisins;

- b) með því að fella niður skoðunarstöð á landamærum sem uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka, annaðhvort meðan eftirlit lögbærs yfirvalds stendur yfir eða hafi aðildarríkið, að loknum skoðunum sem kveðið er á um í 23. gr., ekki tekið tillit til niðurstaðna úr skoðunum að hæfilegum tíma liðnum, einkum þegar skoðanimar hafa leitt í ljós að heilbrigði manna eða dýra er stofnað í alvarlega hættu.

3. Þegar upp koma alvarleg tilvik, einkum þau sem varða heilbrigði manna eða dýra, ber aðildarríki að fella úr gildi viðurkenningu á skoðunarstöð á landamærum sem er á yfirráðasvæði þess. Skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um niðurfellinguna og orsakir hennar. Einungis er heimilt að færa skoðunarstöð aftur í skrána í samræmi við a-lið 2. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal semja og birta skrá um viðurkenndar skoðunarstöðvar á landamærum, sem einnig skal taka til tilvika þegar viðurkenning hefur verið felld úr gildi tímabundið.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 331, 17.11.1992, bls. 16.

5. Uns ákvarðanir samkvæmt a-lið 2. mgr. hafa verið samþykktar gildir skráin sem gerð var samkvæmt grunntilskipun 90/675/EBE, með fyrirvara um þær aðstæður sem kveðið er á um í 3. mgr.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

7. gr.

1. Frumeintak dýraheilbrigðisvottorða, dýraheilbrigðis-skjala eða annarra skjala sem krafist er samkvæmt viðkomandi dýraheilbrigðislöggjöf skal fylgja hverri sendingu sem ætluð er til innflutnings inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka. Frumeintök vottorðanna eða skjalanna skulu varðveitt á skoðunarstöðinni á landamærunum.

2. Með fyrirvara um 10. gr. skal hver sending afurða frá þriðja landi sem ætluð er til innflutnings inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka heyrja undir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr.

3. Tollyfirvöld skulu ekki leyfa innflutning á sendingum afurða nema, með fyrirvara um tollákvæði og sérákvæði sem samþykkt eru í samræmi við 2. og 3. mgr. 10. gr. og í samræmi við 18. gr., sönnur hafi verið færðar á að niðurstöður tilskilins dýraheilbrigðiseftirlits hafi verið fullnægjandi, að tilskilið vottorð hafi verið gefið út í samræmi við 1. mgr. 5. gr. og að lögbær yfirvöld ábyrgist að eftirlitsgjald sem um getur í tilskipun ráðsins 85/73/EBE frá 29. janúar 1985 um fjármögnun á dýraheilbrigðisvottorðunum og -eftirliti sem fellur undir tilskipunir 89/662/EBE, 90/425/EBE, 90/675/EBE og 91/496/EBE (eftir breytingu og samfellingu) ⁽¹⁾ hafi verið eða verði greitt í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.

4. Ef sendingin uppfyllir innflutningsskilyrði skal opinberi dýralæknirinn láta hlutaðeigandi í té staðfest afrit af frumeintaki vottorðanna eða skjalanna og, í samræmi við 1. mgr. 5. gr., gefa út vottorð um að sendingin uppfylli þessi skilyrði á grundvelli dýraheilbrigðiseftirlitsins sem fer fram á skoðunarstöðinni á landamærunum.

5. Viðskipti með afurðir, sem um getur í tilskipunum 89/662/EBE og 90/425/EBE og fluttar eru inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka við þessa tilskipun samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar, skulu fara fram í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í áðurnefndum tilskipunum, einkum II. kafla þeirra.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

8. gr.

1. Ef:

— afurðirnar eiga að fara til aðildarríkis eða svæðis þar sem sérstakar kröfur eru í gildi samkvæmt löggjöf bandalagsins,

— tekin hafa verið sýni en niðurstöður liggja ekki fyrir þegar flutningatækið fer frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum,

— innflutningur hefur verið leyfður í sérstökum tilgangi, í tilvikum sem kveðið er á um samkvæmt löggjöf bandalagsins,

ber að senda viðbótarupplýsingar til lögbærra yfirvalda á ákvörðunarstað um Animo-netkerfið sem um getur í tilskipun 90/425/EBE.

2. Allar sendingar á afurðum sem um getur í fyrsta og þriðja undirlið 1. mgr. til annars aðildarríkis skulu heyrja undir sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 4. gr., og skal eftirlit þetta fara fram á skoðunarstöð á landamærum á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem afurðirnar eru fluttar til, einkum til að sannprófa að afurðirnar samsvari reglum bandalagsins er varða viðkomandi aðildarríki eða viðtökustað. Innflutt villibráð af loðdýrum sem ekki er búið að flá heyrir undir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi, auk heilbrigðiseftirlits og greiningar efnaleifa sem kveðið er á um í tilskipun 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum ⁽²⁾ og skal eftirlit þetta fara fram í samræmi við tilskipun ráðsins 92/45/EBE frá 16. júní 1992 um vanda á sviði almannaheilbrigðis og dýraheilbrigðis er tengist drápi villtra veiðidýra og um markaðssetningu villibráðar ⁽³⁾, í starfsstöð á ákvörðunarstað þar sem kjötið er afhent undir tolleftirliti í samræmi við fyrsta undirlið 4. mgr. þessarar greinar ásamt vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

Niðurstöður eftirlitsins eru sendar dýraheilbrigðisyfirvaldi sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærum sem afurðirnar voru fluttar til. Ef nauðsyn ber til og eftir því hver niðurstaðan er skal gera þær ráðstafanir sem mælt er fyrir um í 24. gr.

3. Þegar afurðir sem um getur í fyrsta og þriðja undirlið 1. mgr. eru fluttar til annars aðildarríkis en viðtökuríkisins skulu aðildarríkin sjá til þess að allar ráðstafanir séu gerðar til þess að viðkomandi sending komist til fyrirhugaðs viðtökuríkis.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 32, 5.2.1985, bls. 14. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB (Stjtuð. EB L 162, 1.7.1996, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtuð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 35. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/23/EB (Stjtuð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

4. Afurðir sem samkvæmt löggjöf bandalagsins eiga að vera undir eftirliti frá skoðunarstöð á landamærum á komustað til starfsstöðvar á viðtökustað skal senda áfram með eftirfarandi skilyrðum:

- sendingarnar skal flytja undir eftirliti lögbærs yfirvalds frá viðkomandi skoðunarstöð á landamærum á komustað til starfsstöðvar á viðtökustað í þéttum ökutækjum eða gánum sem lögbær yfirvöld hafa innsiglað. Afurðirnar sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. skulu vera áfram undir tolf eftirliti þar til þær koma á viðtökustað í samræmi við málsmeðferð T5 sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um tollskrárnúmer bandalagsins ⁽¹⁾ ásamt vottorðinu sem kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. þar sem tilgreind er heimiluð notkun og, ef við á, fyrirhuguð vinnsluáðferð,
- opinberi dýralæknirinn á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum skal tilkynna dýraheilbrigðisyfirvöldum starfsstöðvar á viðtökustað sendingar um uppruna og viðtökustað afurðarinnar með því að nota Animonetkerfið,
- á starfsstöð á viðtökustað skal meðhöndla afurðirnar samkvæmt skilgreiningu í viðkomandi löggjöf bandalagsins,
- opinberi dýralæknirinn á viðtökustað eða, í tilvikum sem kveðið er á um í 10. kafla I. viðauka við tilskipun 92/118/EBE, opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á milligeymsluskemmum fær upplýsingar um komu afurðar á viðtökustað frá forráðamönnum starfsstöðvarinnar á viðtökustað eða forráðamönnum milligeymsluskemmunar og skal hann innan 15 daga senda tilkynningu þar að lútandi til opinbera dýralæknisins á skoðunarstöð á landamærum sem tilkynnti honum um sendinguna. Hann skal annast reglubundið eftirlit til að fullvissa sig um að afurðirnar séu komnar í viðkomandi starfsstöð á viðtökustað, einkum með því að athuga innflutningsskýrslur.

5. Ef lögbæru yfirvaldi skoðunarstöðvar á landamærum eru færðar sannanir fyrir því, með fyrirvara um ákvæði 20. gr., að afurðir sem þar voru fluttar inn og senda átti til viðurkenndrar starfsstöðvar hafi ekki borist á viðtökustað skal yfirvaldið gera viðeigandi ráðstafanir gagnvart þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum.

6. Aðildarríkin skulu afhenda framkvæmdastjórninni skrá yfir viðurkenndar starfsstöðvar, sem um getur í 4. mgr., með tilliti til viðkomandi afurða í samræmi við viðkomandi löggjöf bandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1427/97 (Stjtið. EB L 196, 24.7.1997, bls. 31).

Uppfylli starfsstöð ekki tilkynningaskyldu sína getur aðildarríki afturkallað viðurkenningu sína og beitt nauðsynlegum viðurlögum í samræmi við þá áhættu sem þetta hefur í för með sér.

Framkvæmdastjórnin skal birta skrá um viðurkenndar starfsstöðvar og sjá til þess að hún verði uppfærð og send aðildarríkjunum.

7. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., að höfðu samráði við tollyfirvöld.

9. gr.

1. Sendingar sem eru ætlaðar til innflutnings inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka og berast á skoðunarstöð á landamærum en innflutningurinn á að fara fram um aðra skoðunarstöð á landamærum á sama yfirráðasvæði, eða á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skulu heyra undir sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi á viðtökuskoðunarstöð á landamærum, að því tilskildu að um sjó- eða loftflutninga sé að ræða. Eftirfarandi reglum skal fylgt á skoðunarstöð á landamærum við innflutning:

- a) sé sendingunni umskipað úr einu loftfari í annað eða úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar, annaðhvort beint eða eftir affermingu á hafnarbakka eða flugbraut, til skemmri tíma en þess lágmarkstíma sem um getur í b-lið skal einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum tilkynna það lögbæru yfirvaldi. Í undantekningartilvikum, ef heilbrigði dýra eða manna er í hættu, er því heimilt að framfylgja sannprófun skjala á grundvelli upprunavottorðs eða upprunaskjals eða annars frumeintaks af skjali er fylgir sendingunni eða staðfestu afriti þess;
- b) ef sending er affermd með öðrum hætti skal:
 - i) geyma sendinguna hvorki lengur né skemur en ákveðið er, við þau skilyrði sem ákveðin eru samkvæmt málsmeðferð 2. mgr., undir eftirliti lögbærs yfirvalds á tollsvæði hafnarinnar eða flughafnarinnar, uns hún er flutt sjóleiðis eða með flugi á aðra skoðunarstöð á landamærum;
 - ii) framfylgja sannprófun skjala með hliðsjón af skjölunum sem um getur í a-lið;
 - iii) með fyrirvara um 20. gr., framfylgja í undantekningartilvikum sannprófun auðkenna og eftirliti með ástandi ef heilsa manna eða dýra kann að vera í hættu.

2. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.
3. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið tekið ákvörðun með auknum meirihluta um að ákvæði þessarar greinar taki einnig til umflutnings á járnbrautum.

10. gr.

1. Að beiðni aðildarríkis, sem tilskildar rökstuddar upplýsingar fylgja, eða að eigin frumkvæði er framkvæmdastjórninni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr., að ákveða að eftirlit með ástandi skuli við sérstök skilyrði og í ljósi niðurstaðna úr fyrra eftirliti fara sjaldnar fram með afurðum sem samræmd innflutningsskilyrði gilda um, þ.e. afurðum sem uppfylla eftirtalin þrjú skilyrði:

- þær eru upprunnar í þriðju löndum eða á svæðum þriðju landa er veita fullnægjandi heilbrigðisábyrgðir með tilliti til eftirlits á upprunastað með afurðum sem ætlaðar eru til innflutnings inn á þau yfirráðasvæði bandalagsins sem um getur í I. viðauka;
- að því leyti sem þess er krafist samkvæmt löggjöf bandalagsins koma þær frá starfsstöðvum tilgreindum í skrá sem gerðar eru í samræmi við reglur bandalagsins eða, séu starfsstöðvarnar viðurkenndar í samræmi við ákvörðun ráðsins 95/408/EB frá 22. júní 1995 um skilyrði fyrir gerð bráðabirgðaskráa, á tilteknu aðlögunartímabili, um starfsstöðvar þriðju landa sem innflutningur aðildarríkjanna á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, fiskafurðum og lifandi samlokum (tvískelja lindýrum) er heimilaður frá ⁽¹⁾, frá starfsstöð sem hefur verið skoðuð á vegum bandalagsins eða innlendra aðila;
- innflutningsvottorð hafa verið gefin út um viðkomandi afurðir.

2. Áður en lögð er fram tillaga um að veita slíkar undanþágur fyrir afurðir frá tilteknu þriðja landi skal framkvæmdastjórnin afhenda fastanefnd um dýraheilbrigði skýrslu um þriðja landið þar sem tekið er tillit til eftirfarandi:

- ábyrgða sem hlutaðeigandi þriðja land veitir fyrir allt yfirráðasvæði sitt eða hluta þess gagnvart því að kröfum bandalagsins sé fylgt, þar með talið eftirlit með efnaleifum;
- heilbrigðisástands dýra í hlutaðeigandi þriðja landi;
- upplýsinga um almennt heilbrigðisástand í landinu;

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 243, 11.10.1995, bls. 17. Ákvörðunum var síðast breytt með ákvörðun 97/34/EB (Stjútíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 33).

- hvaða ráðstafanir þriðja landið gerir til að hafa eftirlit með sjúkdómum og berjast gegn þeim;
- fyrirkomulags, færni, sjálfstæði og faglegrar hæfni dýraheilbrigðisþjónustu eða annarrar viðurkenndrar þjónustu;
- hvort farið er eftir þeim lágmarksstöðlum sem bandalagið hefur sett með tilliti til hreinlætis við framleiðslu;
- tegundar afurðar eða afurða og hugsanlegrar áhættu sem hún kann að hafa í för með sér að því er heilbrigði varðar;
- reglna um leyfi fyrir tilteknum efnum og hvort kröfum tilskipunar ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um bann við notkun tiltekinna efna í búfjárrækt sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni og bann við notkun beta-verka ⁽²⁾ og tilskipunar 96/23/EB er hlítt;
- niðurstaðna skoðana á vegum bandalagsins eða innlendra skoðunarheimsóknna;
- niðurstaðna innflutningseftirlitsins;
- greiningar áhættuþátta vegna afurðanna sem verið er að flytja inn, útlits þeirra, frágangs og þeirrar flutningsaðferðar sem er notuð.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. er einnig hægt að semja um lægri tíðni eftirlits samkvæmt samningi um jafngildi á sviði dýraheilbrigðis sem gerður er milli bandalagsins og þriðja lands á gagnkvæmum grundvelli.

Samþykkinga skal slíka breytingu á tíðni samkvæmt málsmeðferðinni í 29. gr.

4. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

11. gr.

1. Aðildarríki skal því aðeins heimila umflutning sendinga frá einu þriðja landi til annars, fyrir öll aðildarríki þar sem umflutningur á sér stað, að:

- slíkar sendingar komi frá þriðja landi sem innflutningur afurða inn á yfirráðasvæði, sem um getur í I. viðauka, er ekki bannaður frá og að þær eigi að fara til annars þriðja lands. Lögbæra yfirvaldið getur fallið frá þessari kröfu ef sendingum er umskipað, í samræmi við a-lið 1. mgr. 9. gr., úr einu loftfari í annað eða einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar, til endursendingar án frekari viðkomu á yfirráðasvæði

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

sem um getur í I. viðauka með hliðsjón af almennum viðmiðunum sem eru settar í samræmi við 4. mgr.;

- b) opinber dýralæknir þeirrar skoðunarstöðvar á landamærum aðildarríkisins, sem er fyrsti viðtökustaður afurðarinnar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka, hafi áður heimilað slíkan umflutning;
- c) einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum skuldbindi sig fyrirfram til að taka sendinguna aftur í sína vörslu ef viðkomandi afurðum er vísað frá og ráðstafa þeim í samræmi við ákvæði 17. gr.

2. Heimildin sem um getur í 1. mgr. er veitt með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

- a) skjölin sem um getur í 1. mgr. 7. gr. og, ef nauðsyn ber til, löggiltar þýðingar slíkra skjala skulu fylgja með sendingum sem framvísað er á skoðunarstöð á landamærum til umflutnings;
- b) nauðsynlegt er að framvísa afurðasendingum á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum til að sannprófun skjala og sannprófun auðkenna geti farið fram.

Lögbært dýraheilbrigðisfyrirvald getur veitt undanþágu frá sannprófun skjala og auðkenna vegna sjó- og loftflutninga ef:

- afferming á sendingunni á sér ekki stað. Í því tilviki, og með fyrirvara um 20. gr., takmarkast sannprófun skjala við athugun á hleðsluskjalinu,
- umskipun sendingar á sér stað, eins og lýst er í a-lið 1. mgr. 9. gr., úr einu loftfari í annað eða úr einu skipi í annað á tollsvæði sömu hafnar eða flughafnar.

Í undantekningartilvikum, ef heilbrigði manna eða dýra kann að vera í hættu eða grunur vaknar um vanrækslu, skal frekara eftirlit með ástandi fara fram;

- c) við gegnumferð á vegum, járnbrautum og vatnaleiðum á yfirráðasvæðum sem um getur í I. viðauka skal slík sending:
 - flutt undir tolfertíli, í samræmi við málsmeðferð T1 sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2913/92, til brottflutningsstaðar úr bandalaginu, ásamt skjalinu sem krafist er samkvæmt a-lið 2. mgr. og vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þar sem staðfest er frá hvaða skoðunarstöð á landamærum sendingin er flutt frá bandalaginu,
 - flutt í ökutækjum eða gámum sem yfirvöld hafa innsiglað og án þess að afferming eigi sér stað eða sendingunni sé skipt eftir að hún fer frá skoðunarstöðinni á landamærum á komustað. Meðhöndlun er ekki leyfð meðan á flutningi stendur,
 - flutt frá bandalaginu um skoðunarstöð á landamærum eigi síðar en 30 dögum eftir að hún er flutt frá

skoðunarstöðinni á landamærum á komustaðnum, nema almenn undantekning sé veitt í samræmi við málsmeðferðina í 4. mgr. til að taka tillit til landfræðilegra aðstæðna sem tilhlýðilegur rökstuðningur er fyrir;

- d) opinberi dýralæknirinn sem heimilar flutninginn skal tilkynna hann til opinbera dýralæknisins á viðkomandi skoðunarstöð á landamærunum á brottflutningsstað með því að nota Animo-netkerfið;
- e) opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærunum á brottflutningsstað skal staðfesta á vottorðinu sem um getur í 1. mgr. 5. gr. að viðkomandi sendingar hafi verið fluttar frá bandalaginu og senda afrit af skjalinu til skoðunarstöðvar á landamærum á komustað með símbrefi eða öðrum aðferðum.

Hafi opinbera dýralækninum á skoðunarstöðinni á landamærum á komustaðnum ekki verið tilkynnt um brottflutning afurðanna úr bandalaginu innan þess tíma sem tiltekinn er í þriðja undirlið c-liðar 2. mgr. skal hann vísa málinu til lögbærs tollyfirvalds, sem leitar nauðsynlegra upplýsinga til að ganga úr skugga um raunverulegan viðtökustað afurðanna.

3. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar hvílir á þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkis, í samræmi við meginreglur 1. gr. tilskipunar 85/73/EBE.

4. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum um upplýsingaskipti milli skoðunarstöðva á landamærum á komustöðum og brottflutningsstöðum.

12. gr.

1. Lögbært yfirvald má því aðeins, í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2913/92, heimila viðtöku sendinga frá þriðja landi sem eiga að fara á tollfrjálst svæði, í tollfrjálst vöruhús eða tollvöruheymislu að einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum hafi áður gefið yfirlýsingu um að hve miklu leyti viðkomandi afurðir eru ætlaðar til frjálstrar dreifingar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka, eða notkun þeirra annarsstaðar, nánar tilgreint síðar, og hvort afurðirnar uppfylla innflutningsskilyrði eða ekki.

Liggi ekki ljóst fyrir til hvers eigi að nota afurðirnar ber að líta svo á að þær séu ætlaðar til frjálstrar dreifingar á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka.

2. Á skoðunarstöðinni á landamærum á innflutningsstað skal fara fram sannprófun skjala, sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi til að athuga hvort afurðirnar uppfylla áður nefnd innflutningsskilyrði eða ekki.

Þó er ekki nauðsynlegt, nema heilbrigði dýra eða manna geti verið í hættu, að framfylgja eftirliti með ástandi ef í ljós kemur við sannprófun skjala að afurðirnar standast ekki kröfur bandalagsins.

Skjölín sem um getur í 1. mgr. 7. gr. skulu fylgja slíkum sendingum. Löggiltar þýðingar slíkra skjala skulu fylgja með ef nauðsyn krefur.

3. Ef í ljós kemur, að loknu eftirlitinu, sem um getur í 2. mgr., að kröfum bandalagsins er fullnægt skal opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærum gefa út vottorðið sem um getur í 1. mgr. 5. gr. með hliðsjón af tollskjölunum. Lögbær dýraheilbrigðis- og tollyfirvöld á skoðunarstöðinni á landamærunum skulu heimila flutning í vöruhús á tollfrjálsum svæði, tollfrjálst vöruhús eða tollvörugeymslu. Með tilliti til dýraheilbrigðis skal lýsa slíkar afurðir hæfar til frjálstrar dreifingar.

4. Ef í ljós kemur, að loknu eftirlitinu sem um getur í 2. mgr., að viðkomandi afurðir standast ekki kröfur bandalagsins skal opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærunum gefa út vottorðið sem um getur í 1. mgr. 5. gr. með hliðsjón af opinberum tollskjölum. Í slíkum tilvikum geta toll- og dýraheilbrigðisyfirvöld því aðeins heimilað flutning í vöruhús á tollfrjálsum svæði, tollfrjálst vöruhús eða tollvörugeymslu að eftirfarandi kröfum sé fullnægt, samantækt þó 16. gr.:

a) afurðirnar mega ekki koma frá þriðja landi sem bannið, sem mælt er fyrir um í fyrsta málslið a-liðar 1. mgr. 11. gr., gildir um;

b) lögbært yfirvald verður að hafa viðurkennt þau vöruhús á tollfrjálsum svæðum, tollfrjálst vöruhús eða tollvörugeymslu þar sem afurðirnar verða geymdar. Til að viðurkenning fáiast verða þau að fullnægja eftirfarandi kröfum:

— vera lokað rými með inn- og útgönguleiðum undir stöðugu eftirliti forstöðumanna vörugeymslunnar. Sé vörugeymslan á tollfrjálsum svæði verður allt svæðið að vera lokað svæði undir stöðugu tollaftirliti,

— uppfylla skilyrði fyrir viðurkenningu sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins um vörugeymslur fyrir viðkomandi afurðir eða í innlendum lögum ef slík löggjöf bandalagsins fyrirfinnst ekki,

— allar sendingar sem eru fluttar í eða úr vörugeymslunni skulu skráðar daglega, ásamt upplýsingum um tegund og magn afurða í hverri sendingu og nafn og pósthfang viðtakanda. Skrárnar ber að varðveita í minnst þrjú ár,

— hafa aðskilið geymslurými og/eða kæliými undir afurðir sem standast ekki kröfur viðkomandi dýraheilbrigðislöggjafar,

Lögbær yfirvöld mega þó, þegar um er að ræða vörugeymslur sem eru til fyrir, leyfa aðskilda geymslu slíkra afurða í sömu húsakynnum, að því tilskildu að afurðir sem uppfylla ekki staðla bandalagsins séu hafðar í læsanlegum klefum,

— hafa tiltækt frátekið svæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið.

Ef eftirlitið sem um getur í 2. mgr. leiðir í ljós að einstaklingurinn, sem er ábyrgur fyrir farminum, hefur gefið ranga yfirlýsingu samkvæmt 1. mgr. skal hann losa sig við sendinguna í samræmi við 17. gr.

5. Lögbær yfirvöld skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að:

— tryggja að skilyrðin fyrir viðurkenningu vöruhúsa séu haldin,

— koma í veg fyrir að afurðir sem standast ekki kröfur bandalagsins séu geymdar í sama rými eða sömu klefum og þær sem standast kröfurnar,

— tryggja að fylgst sé nákvæmlega með flutningi í og úr vöruhúsinu og að dýraheilbrigðisyfirvöld geti sinnt eftirliti sínu á afgreiðslutíma. Einkum skulu þau sjá til þess að afurðir sem standast ekki kröfur bandalagsins séu ekki fluttar úr rými eða einingum þar sem þær eru geymdar nema með samþykki lögbæra yfirvaldsins,

— framfylgja öllu nauðsynlegu eftirliti til að koma í veg fyrir að afurðirnar í vöruhúsinu skemmist, aðrar séu settar í þeirra stað eða að umbúðum þeirra, pökkun eða vinnslu sé breytt.

6. Aðildarríki er heimilt, með tilliti til heilbrigðis dýra eða manna, að neita að afurðir séu fluttar í tollvörugeymslur, tollfrjálst vöruhús eða á tollfrjálsum svæði ef þær uppfylla ekki þau skilyrði sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins.

7. Ekki má flytja sendingar inn á tollfrjálst svæði, í tollfrjálsum vörugeymslu eða tollvörugeymslu nema á þeim sé tollinnsigli.

8. Sendingar, sem um getur í 4. mgr., má því aðeins flytja frá tollfrjálsum svæði, úr tollfrjálstri vörugeymslu eða tollvörugeymslu til flutnings til þriðja lands eða í vöruhús sem um getur í 13. gr. eða til förgunar að:

— flutningur til þriðja lands sé í samræmi við kröfur c-liðar 1. mgr. 11. gr. og a-, c-, d- og e-liðar 2. mgr. 11. gr.,

— flutningur í vörugeymslu sem um getur í 13. gr. fari fram á grundvelli T1-tolleftirlitseyðublaðs og heiti og pósthfang vörugeymslunnar sé tilgreint á meðfylgjandi vottorði, sem kveðið er á um í þeirri grein,

— flutningur á förgunarstað eigi sér stað eftir að viðkomandi afurðir hafa verið gerðar óneysluhæfar.

Sendingarnar skulu síðan fluttar áfram þannig að tryggt sé, án þess að umhleðsla eigi sér stað, að þær séu undir eftirliti lögbærra yfirvalda og skulu þær vera í þéttum ökutækjum eða gámum sem lögbær yfirvöld hafa innsiglað.

Slíkar sendingar er ekki heimilt að flytja milli vörugeymsla sem um getur í þessari grein.

9. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar, að meðtöldum kostnaði við skoðanir og eftirlit samkvæmt þessari grein, hvílir á þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkis, í samræmi við meginreglur 1. gr. tilskipunar 85/73/EBE.

10. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá um:

- a) tollfrjáls svæði, tollfrjálsar vörugeymslur og tollvörugeymslur sem um getur í 4. mgr.;
- b) rekstraraðila sem um getur í 13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal sjá um að birta skrána í a-lið í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og senda skrána um rekstraraðila í b-lið til hinna aðildarríkjanna.

11. Ef skilyrðin sem sett eru í 1. – 10. mgr. eru ekki uppfyllt, að því leyti sem þessi skilyrði eiga við um vörugeymsluna, skal lögbæra yfirvaldið fella niður eða afturkalla viðurkenningu sína sem um getur í b-lið 4. mgr. Það skal tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um slíka afturköllun.

Þegar upp kemst um brot, sem annaðhvort er framið að yfirlögðu ráði eða sökum alvarlegrar vanrækslu, skal viðurlögum, sem mælt er fyrir um í landslögum hlutaðeigandi aðildarríkis, beitt gegn þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir flutningi sendingarinnar eftir að hún er flutt frá vöruhúsinu.

12. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum um aðferðir við eftirlitið sem fer fram við móttöku og brottflutning sendinga til og frá slíkum svæðum eða vörugeymslum, flutning á sendingum milli slíkra svæða eða vöruhúsa, hvernig geymslu afurðanna skuli háttað og leyfilega meðhöndlun.

13. gr.

1. Rekstraraðilar sem afgreiða beint til millilandaskipa þær afurðir sem um getur í 4. mgr. 12. gr. og ætlaðar eru áhöfn og farþegum til neyslu skal, auk þess að fullnægja kröfum 1. og 2. mgr., a-liðar 4. mgr., annars, þriðja og fjórða undirliðar b-liðar 4. mgr., auk 5., 6., 7. og 9. mgr. 12. gr.:

- a) útvega sér rekstrarleyfi fyrirfram hjá lögbæru yfirvaldi;
- b) afla sér birgða af afurðum sem ekki mega fara í vinnslu nema hráefnið standist kröfur bandalagsins;
- c) hafa til umráða lokuð húsakynni með inn- og útkomuleiðum undir stöðugu eftirliti þess einstaklings sem er ábyrgur. Sé vörugeymsla á tollfrjálsu svæði gilda kröfur annars málsliðar í fyrsta undirlið b-liðar 4. mgr. 12. gr.;
- d) skuldbinda sig til að afhenda ekki afurðirnar sem um getur í 4. mgr. 12. gr. til neyslu á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka;
- e) tilkynna lögbæru yfirvaldi eins skjótt og unnt er um komu slíkra afurða í vöruhús sem um getur í c-lið.

2. Rekstraraðilum þeim sem um getur í 1. mgr. ber að:

- a) afhenda vörur beint um borð í skip eða beint í viðurkennda vörugeymslu í viðtökuhöfn, að því tilskildu að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að viðkomandi afurðir séu ekki undir neinum kringumstæðum fluttar frá hafnarsvæðinu á annan viðtökustað. Flutningur á afurðum frá upprunavörugeymslu til viðtökuhafnar skal fara fram undir tolfefirliti í samræmi við málsmeðferð T1, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 2913/92, og þeim skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem er útfyllt í samræmi við málsmeðferð 6. mgr.;
- b) tilkynna lögbæru yfirvaldi hafnarsvæðis aðildarríkisins sem afurðirnar eru sendar frá og lögbæru hafnaryfirvaldi viðtökuríkisins fyrirfram um sendingardag afurðanna ásamt upplýsingum um viðtökustað þeirra;
- c) leggja fram opinbera sönnun þess efnis að afurðirnar hafi borist á lokaviðtökustað;
- d) halda skrá í minnst þrjú ár um viðtöku og afgreiðslu sendingar. Með skránni á að vera unnt að hafa eftirlit með hluta af sendingum sem verður eftir í vöruhúsinu.

3. Rekstraraðilar verða að vera þess fullvissir að þeir séu ekki að birgja skip með afurðum sem standast ekki kröfur bandalagsins nema til að birgja farþega og áhöfn utan strandsvæða þeirra yfirráðasvæða sem um getur í I. viðauka, samkvæmt skilgreiningu innlendra reglugerða.

4. Lögbært yfirvald hafnarsvæðis aðildarríkisins sem afurðirnar eru afgreiddar frá skal tilkynna lögbæru yfirvaldi hafnarsvæðis viðtökuríkisins um það eigi síðar en á sending-

artíma afurðanna og tilkynna því jafnframt um viðtökustað afurðanna um Animo-netkerfið.

5. Séu skilyrði ekki uppfyllt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ber lögbæru yfirvaldi að afturkalla heimildina sem um getur í a-lið 1. mgr. og tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum slíka afturköllun.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum um aðferðir við eftirlit við brottflutning, flutning og afhendingu afurða sem á að afhenda beint um borð í skip, einnig skjalfesta sönnun þess að slíkar afurðir hafi borist á réttan viðtökustað.

14. gr.

1. Ef tollafgreidd meðhöndlun eða notkun í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 2913/92 er önnur en kveðið er á um í 7. gr. og 3. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar skal fara fram sannprófun auðkenna og eftirlit með ástandi viðkomandi afurða, nema þeim sé fargað eða skilað, til að kanna hvort þær uppfylla innflutningsskilyrði.

2. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

15. gr.

1. Aðildarríki skal heimila endurinnflutning sendingar á afurðum sem eru upprunnar í bandalaginu og hefur verið vísað frá af þriðja landi ef:

a) afurðunum fylgir:

i) annaðhvort vottorð í frumriti eða afrit, staðfest af lögbæra yfirvaldinu sem gaf út vottorðið með afurðunum, þar sem gefnar eru ástæður fyrir höfnuninni, ábyrgð er veitt fyrir því að skilyrði sem gilda um geymslu og flutning afurðanna hafi verið uppfyllt og því lýst yfir að þær hafi ekki verið meðhöndlaðar;

ii) þegar um er að ræða innsiglaða gáma, vottorð frá flutningsaðila þar sem því er lýst yfir að innihaldið hafi ekki verið meðhöndlað eða afferming átt sér stað;

b) fram fer sannprófun skjala og auðkenna og, í tilvikum sem kveðið er á um í 20. gr., eftirlit með ástandi afurðanna;

c) sendingin er flutt beint til baka, samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 4. mgr. 8. gr., í upprunastarfsstöð í aðildarríkinu þar sem vottorðið var gefið út og, feli flutningurinn í sér umflutning um annað aðildarríki, opinberi dýralæknirinn á skoðunarstaðnum á landamærum þess aðildarríkis þar sem sendingin kom fyrst inn á yfirráðasvæði bandalagsins, sem um getur í I. viðauka, hefur áður heimilað það fyrir hönd allra aðildarríkja sem sendingin verður flutt um.

2. Aðildarríki getur ekki neitað endurinnflutningi sendingar á afurðum sem eru upprunnar í bandalaginu og þriðja land hefur vísað frá ef lögbæra yfirvaldið sem gaf út frumrit vottorðsins samþykkir að taka aftur við sendingunni og skilyrði 2. mgr. hafa verið uppfyllt.

3. Í tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal senda afurðirnar áfram með þeim skilyrðum að flutningur til viðkomandi upprunastarfsstöðvar fari fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 8. gr., í þéttum flutningstækjum sem lögbært yfirvald hefur merkt og innsiglað með þeim hætti að innsiglið rofni um leið og gámurinn er opnaður.

4. Opinberi dýralæknirinn sem heimilar flutninginn skal tilkynna hann til lögbæra yfirvaldsins á viðtökustaðnum um Animo-netkerfið.

5. Allur kostnaður í tengslum við beitingu þessarar greinar, að meðtöldum kostnaði við skoðanir og eftirlit samkvæmt þessari grein, hvílir á þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans, án endurgreiðslu af hálfu aðildarríkis, í samræmi við meginreglur 1. gr. tilskipunar 85/73/EBE.

6. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

16. gr.

1. Þessi kafli gildir ekki um afurðir sem:

a) eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra, að því tilskildu að magnið sé ekki meira en það magn sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr. og að því tilskildu að afurðirnar komi frá aðildarríki eða þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er upp í skránni sem gerð er í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur sé ekki bannaður frá landinu;

b) eru fluttar í litlum sendingum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur þessara afurða sé ekki viðskiptalegs eðlis, að magnið sé ekki meira en það magn sem er skilgreint í samræmi við 3. mgr., að afurðirnar komi frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem talið er

upp í skrá sem gerð er í samræmi við reglur bandalagsins og að innflutningur frá landinu sé ekki bannaður;

- c) eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum fyrir millilandaflutninga, að því tilskildu að þær séu ekki fluttar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka.

Slíkum afurðum eða matúrgangi skal fargað þar sem afferming fer fram. Ekki er þó nauðsynlegt að farga afurðum séu þær fluttar beint úr einu millilandaflutningatæki í annað í sömu höfn og undir tolfertirliti;

- d) hafa fengið hitameðhöndlun í loftþéttum flátum með F₀-gildi 3,00 eða meira, ef magnið er ekki meira en það sem er ákveðið í samræmi við 3. mgr., og:

- i) eru hluti af persónulegum farangri ferðamanna og ætlaðar til einkaneyslu þeirra;

- ii) eru fluttar í litlum sendingum til einstaklinga, að því tilskildu að innflutningur afurðanna sé ekki viðskiptalegs eðlis;

- e) eru sendar sem viðskiptasýni eða ætlaðar fyrir sýningar, að því tilskildu að ætlunin sé ekki að markaðssetja þær og að lögbært yfirvald hafi veitt fyrirframheimild í þessu skyni;

- f) eru ætlaðar til sérstakra rannsókna eða greiningar eftir því sem unnt er að álykta út frá opinberri skoðun að slíkar afurðir séu ekki ætlaðar til neyslu og, að sýningunni, rannsókninni eða greiningunni afstaðinni og að undanskildu því magni sem notað er til greiningar, verði afurðunum fargað eða þær endursendar samkvæmt sérstökum skilyrðum sem lögbært yfirvald mælir fyrir um.

Í því tilviki og tilvikinu sem um getur í e-lið skal viðtökuríkið sjá til þess að ekki verði hægt að nota viðkomandi afurðir í öðru skyni en tilgreint var við innflutning inn á yfirráðasvæði þess.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á reglur um nýtt kjöt og kjötafurðir í samræmi við 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðis- og heilbrigðiseftirlitsvanda við innflutning á nautgripum, sauðfé, geitum, svínum, nýju kjöti og kjötafurðum frá þriðju löndum ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 302, 31.12.1972, bls. 28. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/91/EB (Stjttíð. EB L 13, 16.1.1997, bls. 27).

3. Framkvæmdastjórnin skal setja reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum um takmarkanir á þyngd afurða er kunna að heyrja undir undanþágurnar sem um getur í 1. mgr.

17. gr.

1. Sendingar sem hafa verið fluttar inn á yfirráðasvæði bandalagsins án þess að hafa verið lagðar fram til dýraheilbrigðiseftirlits í samræmi við kröfur 3. og 4. gr. skulu gerðar upptækar og skal lögbært yfirvald annaðhvort ákveða að farga þeim í samræmi við b-lið 2. mgr. eða endursenda þær í samræmi við a-lið 2. mgr.

2. Ef eftirlitið sem um getur í þessari tilskipun leiðir í ljós að afurðirnar uppfylla ekki innflutningsskilyrði eða slíkt eftirlit leiðir í ljós vanrækslu skal lögbæra yfirvaldið í samráði við einstaklinginn sem er ábyrgur fyrir eftirlitinu annaðhvort ákveða:

- a) að endursenda afurðirnar frá yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka, frá sömu skoðunarstöð á landamærum til viðtökustaðar sem er ákveðinn í samráði við einstaklinginn sem er ábyrgur fyrir farminum, með sama flutningatæki, innan 60 daga, nema niðurstöður dýraheilbrigðisskoðunar og heilbrigðis- og dýraheilbrigðis-kröfur komi í veg fyrir það.

Í því tilviki skal opinberi dýralæknirinn á skoðunarstöðinni á landamærunum:

— beita þeirri aðferð við miðlun upplýsinga sem kveðið er á um í fyrsta undirlíð 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 92/438/EBE,

— samkvæmt fyrirkomulagi sem framkvæmdastjórnin skilgreinir í samræmi við málsmeðferð 7. mgr., ógilda þau dýraheilbrigðisvottorð eða -skjöl sem fylgja afurðunum sem var vísað frá svo að ekki verði hægt að flytja þær inn aftur um aðra skoðunarstöð á landamærum;

- b) eða, ef endursending er ekki möguleg eða 60 daga fresturinn sem um getur í a-lið er útrunninn eða einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum veitir samþykki sitt þegar í stað, farga afurðunum á næsta förgunarstað við viðkomandi skoðunarstöð á landamærum í samræmi við tilskipun ráðsins 90/667/EBE frá 27. nóvember 1990 um reglur um heilbrigðiseftirlit með förgun og vinnslu skepnuúrgangs, markaðssetningu hans og ráðstafanir til að koma í veg fyrir lifandi smitefni í fóðri úr dýraafurðum, þar á meðal fiskafurðum ⁽²⁾.

⁽²⁾ Stjttíð. EB L 363, 27.12.1990, bls. 51. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

Uns afurðirnar sem um getur í þessum lið hafa verið endursendar eða ástæður fyrir höfnuninni hafa verið staðfestar skulu lögbær yfirvöld geyma viðkomandi afurðir undir eftirliti lögbærs yfirvalds á kostnað þess einstaklings sem er ábyrgur fyrir farminum.

3. Ákvæði 23. og 24. gr. gilda ef eftirlitið sem um getur í 1. og 2. mgr. leiðir í ljós að alvarlegt brot eða endurtekin brot á dýraheilbrigðislöggjöf bandalagsins hefur eða hafa átt sér stað.

4. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef lögbært yfirvald hefur heimilað notkun afurðanna í samræmi við tilskipun 90/667/EBE, að því tilskildu að heilbrigði manna eða dýra sé ekki í hættu.

5. Kostnaður í tengslum við endurflutning sendingar, förgun hennar eða notkun afurðarinnar í öðrum tilgangi hvílir á þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans.

Ef í ljós kemur að brot er afleiðing alvarlegrar eða vísvitandi vanrækslu ber aðildarríkinu enn fremur að beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í innlendra löggjöf þess gagnvart þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum.

6. Ákvæði ákvörðunar 92/438/EBE skulu gilda.

7. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu 1. - 3. mgr. í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr., einkum um stöðlun viðmiðana fyrir mat sem lagt er til grundvallar ákvörðunum um að vísa afurðum frá, gera þær upptækar eða farga þeim.

18. gr.

Í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr. og á grundvelli áætlana sem um getur í annari málsgrein skal framkvæmdastjórnin setja reglur um innflutning til tiltekinnna hluta yfirráðasvæða sem um getur í I. viðauka, í því skyni að taka tillit til sérstakra náttúrulegra og landfræðilegra takmarkana þessara yfirráðasvæða, einkum fjarlægðar þeirra frá meginlandssvæði bandalagsins.

Með hliðsjón af þessu leggja Lýðveldið Frakkland og Lýðveldið Grikkland áætlun fyrir framkvæmdastjórnina þar sem tilgreint er hvers konar eftirlit skuli haft með innflutningi á afurðum, upprunnum í þriðju löndum, til frönsku umdæmanna erlendis og tiltekinnna eyja og eyjaklasa með tilliti til sérstakra náttúrulegra og landfræðilegra takmarkana þessara yfirráðasvæða.

Í þessum áætlunum skal tilgreina það eftirlit sem fer fram til að afurðir sem eru fluttar inn á þessi yfirráðasvæði verði ekki undir neinum kringumstæðum endursendar til annarra hluta yfirráðasvæðis bandalagsins, nema slík yfirráðasvæði fullnægi kröfum dýraheilbrigðislöggjafar bandalagsins.

19. gr.

1. Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 29. gr. skal framkvæmdastjórnin gera skrá yfir plöntuafurðir sem kunna, einkum með tilliti til síðari viðtökustaðar þeirra, að leiða til hættu á útbreiðslu smitsjúkdóma og skulu þess vegna settar undir dýraheilbrigðiseftirlitið sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum það sem kveðið er á um í 4. gr., svo að unnt sé að staðfesta uppruna og fyrirhugaðan viðtökustað slíkra plöntuafurða.

Með sömu málsmeðferð skal samþykkja eftirfarandi:

- þau dýraheilbrigðisskilyrði sem þriðju lönd skulu uppfylla og þær ábyrgðir sem ber að veita, einkum hvers konar vinnslu skuli fyrirskipa í ljósi aðstæðna á sviði dýraheilbrigðis í löndum þeirra,
- skrá um þriðju lönd sem í ljósi þessara ábyrgða mega fá leyfi til að flytja út plöntuafurðirnar, sem um getur í fyrstu málsgrein, til bandalagsins,
- sérstakar skoðunarreglur sem kunna að vera nauðsynlegar, sér í lagi um sýnatöku úr þessum afurðum, einkum þegar innflutningur er í lausri vigt.

2. Nýjar fiskafurðir sem landað er beint úr skipi sem siglir undir fána þriðja ríkis skulu, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1093/94 frá 6. maí 1994 um skilmála þess að fiskiskip þriðja lands megi landa aflanum beint og markaðssetja í höfnum bandalagsins⁽¹⁾, og áður en þær eru fluttar inn á yfirráðasvæði sem um getur í I. viðauka, settar undir dýraheilbrigðiseftirlitið sem ákveðið hefur verið fyrir fisk sem landað er beint úr skipum sem sigla undir fána aðildarríkis bandalagsins.

Með því að víkja frá 2. mgr. 3. gr. er aðildarríki þó heimilt, samkvæmt málsmeðferðinni í 29. gr., að framfylgja eftirlitinu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun þegar um er að ræða frystan og djúpfrystan túnfisk, sem landað er beint en er hvorki hausaður né slordreginn, úr skipi sem heyrir undir sameiginlegt verkefni, skráðu í samræmi við viðeigandi ákvæði bandalagsins, að því tilskildu:

- að slíkt eftirlit sé í höndum lögbærs yfirvalds næstu skoðunarstöðvar á landamærum á viðtökuvinnslustöð sem er viðurkennd hvað varðar vinnslu þessara afurða,

(¹) Stjtið. EB L 121, 12.5.1994, bls. 3.

- að vinnslustöðin sé ekki lengra frá skoðunarstöðinni á landamærum en 75 km,
- að afurðirnar séu fluttar undir tollefirliti, í samræmi við málsmeðferð fyrsta undirliðar 4. mgr. 8. gr., frá löndunarstað til viðtökuvinnslustöðvar.

3. Í samræmi við málsmeðferð 29. gr. er heimilt að veita skoðunarstöðvum á landamærum þar sem fiski er framvísað í samræmi við tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾ undanþágu frá ákvæðum b-liðar 1. mgr. 6. gr. og, að því er varðar starfsmenn sem sjá um að framfylgja eftirlitinu og gefa út vottorð, frá ákvæðum 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.

20. gr.

1. Með fyrirvara um ákvæði þessa kafla skal opinberi dýralæknirinn eða lögbæra yfirvaldið, ef grunur leikur á að brotið hafi verið í bága við dýraheilbrigðislöggjöfina eða vafi leikur á:

- a) auðkennum eða viðtökustað afurðar,
- b) að afurð samræmist tilskilinni ábyrgð samkvæmt löggjöf um viðkomandi tegund afurðar,
- c) að staðið sé við dýra- eða almannaheilbrigðisábyrgðir sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins,

framfylgja því dýraheilbrigðiseftirliti sem dýralæknirinn eða yfirvaldið telur viðeigandi í því skyni að staðfesta slíkan grun eða afsanna.

Afurðirnar skulu vera áfram undir eftirliti lögbærs yfirvalds uns niðurstöður eftirlitsins liggja fyrir.

Sé grunurinn staðfestur ber að herða eftirlit með afurðum af sama uppruna í samræmi við 3. mgr. 17. gr.

2. Setja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 15. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/23/EB (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

21. gr.

1. Lýðveldið Austurríki skal fá þriggja ára frest frá gildistökudegi aðildarsáttmálans til að taka upp eftirlitskerfið sem kveðið er á um í þessum kafla. Á því aðlögunartímabili skal Austurríki gera þær ráðstafanir sem verða ákveðnar fyrir gildistökudag aðildarsáttmálans í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr. Með þessum ráðstöfunum skal séð til þess að allt nauðsynlegt eftirlit fari fram eins nálægt ytri landamærum bandalagsins og auðið er.

2. Lýðveldið Finnland skal fá tveggja ára frest frá gildistökudegi aðildarsáttmálans til að taka upp eftirlitskerfið sem kveðið er á um í þessum kafla. Á því aðlögunartímabili skal Finnland gera þær ráðstafanir sem verða ákveðnar fyrir gildistökudag aðildarsáttmálans í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr. Með þessum ráðstöfunum skal séð til þess að allt nauðsynlegt eftirlit fari fram eins nálægt ytri landamærum bandalagsins og auðið er.

3. Að beiðni aðildarríkis er heimilt samkvæmt málsmeðferð 29. gr. að veita undanþágu frá kröfum áttunda undirliðar II. viðauka, á tveggja ára tímabili sem hefst 1. júlí 1999, að því er varðar skoðunarstöðvar á landamærum þeirra landa sem sækja um aðild.

II. KAFLI

ÖRYGGISÁKVÆÐI

22. gr.

1. Ef sjúkdómur sem um getur í tilskipun 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan bandalagsins ⁽²⁾, dýrasjúkdómur sem einnig getur lagst á menn, annar sjúkdómur eða annað það sem kann að stofna heilbrigði dýra eða manna í alvarlega hættu kemur upp eða breiðist út á yfirráðasvæði þriðja lands, eða ef einhver önnur alvarleg ástæða er varðar heilbrigði dýra eða manna réttlætir slíkt, einkum í ljósi niðurstaðna úr eftirliti dýraheilbrigðissérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar eða eftirliti á skoðunarstöð á landamærum, skal framkvæmdastjórnin, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, þegar í stað gera eina af eftirfarandi ráðstöfunum eftir því hve alvarlegt ástandið er:

- fella um tíma niður innflutning frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess og, eftir atvikum, frá umflutningslandi sem er þriðja land,

⁽²⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

— setja sérstök skilyrði vegna afurða frá hlutaðeigandi þriðja landi eða hluta þess,

— setja kröfur um viðeigandi eftirlit á grundvelli raunverulegra niðurstaðna, sem getur tekið til sérstakrar athugunar á því hvort heilbrigði manna eða dýra kunni að vera í hættu og, eftir því hverjar niðurstöður eftirlitsins eru, auka tíðni eftirlits með ástandi.

2. Ef eftirlit sem kveðið er á um í þessari tilskipun leiðir í ljós að afurðasending kunni að stofna heilbrigði dýra eða manna í hættu skal lögbært dýraheilbrigðisyfirvald þegar í stað gera eftirfarandi ráðstafanir:

— leggja hald á og farga viðkomandi sendingu,

— þegar í stað tilkynna öðrum skoðunarstöðvum á landamærum og framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar og uppruna afurðanna, í samræmi við ákvörðun 92/438/EBE.

3. Í því tilviki sem kveðið er á um í 1. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna afurða er heyra undir 11., 12. og 13. gr.

4. Fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að heimsækja hlutaðeigandi þriðja land þegar í stað.

5. Ef aðildarríki tilkynnir framkvæmdastjórninni opinberlega að þörf sé á að gera verndarráðstafanir og framkvæmdastjórnin hefur ekki beitt ákvæðum 1. og 3. mgr. eða vísað málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði í samræmi við 6. mgr., er aðildarríkinu heimilt að gera tímabundnar verndarráðstafanir vegna viðkomandi afurða.

Ef aðildarríki gerir tímabundnar verndarráðstafanir gagnvart þriðja landi eða starfsstöð í þriðja landi samkvæmt þessari grein skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

Innan tíu virkra daga skal vísa málinu til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, samkvæmt skilmálum 28. gr., með það í huga að framlengja, breyta eða fella úr gildi ráðstafanir sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr. Einnig er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferð 28. gr., þar með talið ákvarðanir er varða flutning afurða innan bandalagsins og umflutning.

6. Ákvarðanir um að breyta, fella úr gildi eða framlengja ráðstafanir sem eru gerðar með skírskotun til 1., 2., 3. og 5. mgr. skulu teknar í samræmi við málsmeðferð 28. gr.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessa kafla í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

III. KAFLI

SKOÐUN OG EFTIRLIT

23. gr.

1. Dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar er heimilt, í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld og að því marki sem er nauðsynlegt fyrir samræmda beitingu á kröfum þessarar tilskipunar:

a) að sannprófa að aðildarríkin fari að áðurnefndum kröfum;

b) að annast eftirlit á staðnum til að ganga úr skugga um að eftirlit fari fram í samræmi við þessa tilskipun.

2. Þegar skoðun fer fram á yfirráðsvæði aðildarríkis skal það aðildarríki veita dýraheilbrigðissérfræðingum framkvæmdastjórnarinnar alla þá aðstoð sem er nauðsynleg til að þeir geti unnið verk sitt.

Nauðsynlegt er að greina lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis frá niðurstöðum eftirlitsins áður en lokaskýrsla er samin og henni dreift.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta fastanefndina um dýraheilbrigði kanna aðstæður ef hún telur að niðurstaða eftirlits réttlæti slíkt. Henni er heimilt að samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í samræmi við málsmeðferð 28. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framvindu mála. Í ljósi þeirrar framvindu og í samræmi við málsmeðferð 28. gr. er henni heimilt að breyta eða fella úr gildi þær ákvarðanir sem um getur í 5. mgr.

5. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

24. gr.

1. Ef eftirlit samkvæmt þessari tilskipun gefur ástæðu til að ætla að brotið sé í bága við dýraheilbrigðislöggjöf bandalagsins með alvarlegum eða endurteknum hætti skal lögbært yfirvald gera eftirfarandi ráðstafanir að því er varðar afurðir er tengjast slíkri notkun eða að því er varðar uppruna slíkra afurða:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um eiginleika afurðanna sem eru notaðar og um viðkomandi sendingu. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað láta allar skoðunarstöðvar á landamærum vita,

— aðildarríkin skulu herða eftirlit með öllum sendingum afurða af sama uppruna. Einkum er áriðandi að gera

tíu næstu sendingar af sama uppruna upptækar gegn tryggingu fyrir skoðunarkostnaði á viðkomandi skoðunarstöð, vegna eftirlits með ástandi, að meðtalinni sýnatöku og prófunum á rannsóknarstofu sem kveðið er á um í III. viðauka.

Staðfesti slíkt viðbótareftirlit að brotið er í bága við löggjöf bandalagsins ber að farga sendingunni, sem gagnrýnin beinist að, eða hluta hennar í samræmi við a- og b-lið 2. mgr. 17. gr.,

- framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um niðurstöður herta eftirlitsins og á grundvelli þeirra upplýsinga lætur hún fara fram alla nauðsynlega eftirgrenslnu til að leita orsaka og uppruna þess brots sem í ljós kom.

2. Leiði eftirlit í ljós að farið hefur verið yfir hámarks-magn leifa skal framfylgja eftirlitinu sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr.

3. Ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa grennslast fyrir hjá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi þriðja lands að ekki hefur verið staðið við skuldbindingar og þær ábyrgðir sem veittar hafa verið samkvæmt áætlunum sem um getur í 1. mgr. 29. gr. tilskipunar 96/23/EB, í tilvikum er varða þriðju lönd sem hafa gert jafngildissamninga við bandalagið eða þriðju lönd sem njóta góðs af lægri tíðni eftirlits, skal hún fella niður heimild þess lands, samkvæmt málsmeðferð 29. gr. þessarar tilskipunar, til að njóta góðs af lægri tíðni eftirlits með viðkomandi afurðum uns hlutaðeigandi þriðja land hefur ráðið bót á ástandinu. Tímabundin niðurfelling er afturkölluð með sömu málsmeðferð.

Ef nauðsyn ber til, svo að unnt verði að njóta aftur ávinnings af áður nefndum samningum, skal sendinefnd frá bandalaginu ásamt sérfræðingum frá aðildarríkjunum heimsækja hlutaðeigandi land á kostnað þess lands til að sannprófa hvort slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar.

25. gr.

1. Ef lögbært yfirvald aðildarríkis telur, á grundvelli eftirlits sem fer fram á staðnum þar sem afurðirnar eru markaðssettar, að brotið sé í bága við ákvæði þessarar tilskipunar á skoðunarstöð á landamærum, í tollvöruskemmu, á tollfrjálssu svæði eða í tollfrjálssri vörugeymslu, sem um getur í 12. gr., í öðru aðildarríki skulu þau þegar í stað gera lögbærum stjórnvöldum þess aðildarríkis viðvart.

Lögbæra stjórnvaldið skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir og tilkynna lögbæra yfirvaldinu í fyrrnefnda aðildarríkinu um það eftirlit sem hefur farið fram, þær ákvarðanir sem hafa verið teknar og rökin fyrir þeim.

Ef lögbært yfirvald fyrrnefnda aðildarríkisins telur ráðstafanirnar ófullnægjandi skal það, ásamt lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis, leita leiða til að bæta ástandið, ef nauðsyn ber til með því að heimsækja hlutaðeigandi aðildarríki.

Ef eftirlitið sem um getur í fyrstu undirgrein leiðir í ljós að ítrekað er brotið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar skal lögbært yfirvald viðtökuríkisins tilkynna það framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, að beiðni lögbærs yfirvalds viðtökuríkisins eða að eigin frumkvæði og að teknu tilliti til þess hvers eðlis meinta brotið er:

- að senda skoðunarhóp til hlutaðeigandi aðildarríkis í samvinnu við lögbær innlend yfirvöld,
- að biðja lögbært yfirvald að efla eftirlitið sem fer fram á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, tollvöruskemmu, tollfrjálssu svæði eða í tollfrjálssri vörugeymslu.

Þar til niðurstöður framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir skal hlutaðeigandi aðildarríki, að beiðni viðtökuríkisins, efla eftirlit á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, tollvöruskemmu, tollfrjálssu svæði eða í tollfrjálssri vörugeymslu.

Viðtökuríkinu er að sínu leyti heimilt að efla eftirlit með afurðum sem koma frá þessum stöðum.

Að beiðni eins eða tveggja hlutaðeigandi aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin, ef skoðunin sem um getur í fyrsta undirlið fimmtu undirgreinar staðfestir brotið, gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við málsmeðferð 28. gr. Þessar ráðstafanir ber að staðfesta eða endurskoða eins skjótt og auðið er í samræmi við sömu málsmeðferð.

2. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki hafa áhrif á rétt samkvæmt gildandi lögum aðildarríkjanna til að áfrýja ákvörðunum lögbærra yfirvalda.

Ákvarðanir sem lögbært yfirvald tekur og rökin fyrir slíkum ákvörðunum ber að tilkynna þeim einstaklingi sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans.

Að beiðni hlutaðeigandi einstaklings sem er ábyrgur fyrir farminum eða fulltrúa hans skal honum tilkynnt skriflega um umræddar ákvarðanir og rökin fyrir þeim ásamt upplýsingum um áfrýjunarrétt hans samkvæmt gildandi lögum aðildarríkisins sem annast eftirlitið og um málsmeðferð og frest til að leggja fram kvörtun.

3. Samþykkja skal nákvæmar reglur um beitingu þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

26. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera áætlun um skipti á embættismönnum sem eru tilnefndir til að annast eftirlit með afurðum frá þriðju löndum.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu samræma áætlanirnar sem um getur í 1. mgr. innan fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

3. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja áætlunum sem byggjast á samræmingunni sem um getur í 2. mgr.

4. Ár hvert skal fastanefndin um dýraheilbrigði endurskoða framkvæmd áætlana á grundvelli skýrslna frá aðildarríkjunum.

5. Aðildarríkin skulu taka tillit til þeirrar reynslu sem þau hafa aflað sér, í því skyni að bæta og þróa skiptiáætlanir.

6. Bandalagið skal veita fé til að stuðla að þróun skiptiáætlana. Í ákvörðun ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála ⁽¹⁾ eru settar nákvæmar reglur um framlag bandalagsins og þá fjárhæð sem áætlað er að komi á fjárlög þess.

7. Ef nauðsyn ber til skal samþykkja nákvæmar reglur um beitingu 1., 4. og 5. mgr. í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

27. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinberir dýralæknar skoðunarstöðva á landamærum sæki sérstök þjálfunarnámskeið sem vísað er til í þessari grein.

Framkvæmdastjórnin skal semja viðmiðunarreglur um slík námskeið í samræmi við málsmeðferðina í 29. gr.

Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja námsstefnu að minnsta kosti einu sinni á ári fyrir þá sem halda námskeiðin til þess að tryggja samhæfingu þeirra.

Kostnað við ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari grein, ber að greiða í samræmi við III. bálk ákvörðunar 90/424/EBE.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 94/370/EB (Stjútíð. EB L 168, 2.7.1994, bls. 31).

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

28. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal fastanefndin um dýraheilbrigði, sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 68/361/EBE ⁽²⁾, taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 17. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

29. gr.

Þegar vísað er til málsmeðferðarinnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal fastanefndin um dýraheilbrigði taka ákvarðanir í samræmi við reglurnar í 18. gr. tilskipunar 89/662/EBE.

30. gr.

Heimilt er að auka við II. og III. viðauka þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferð 29. gr.

31. gr.

Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á skuldbindingar sem grundvallast á tollákvæðum.

32. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt að nýta sér fjárhagsaðstoð bandalagsins sem kveðið er á um í 38. gr. ákvörðunar 90/424/EBE vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar.

33. gr.

Tilskipun 90/675/EBE fellur úr gildi frá og með 30. júní 1999.

Þær gerðir sem eru samþykktar á grundvelli tilskipunar 90/675/EBE haldast í gildi uns ákvæði hafa verið samþykkt í þeirra stað á grundvelli þessarar tilskipunar.

Í gerðum sem eru samþykktar á grundvelli þessarar tilskipunar ber að tilgreina þann dag er ákvæði þeirra koma í stað samsvarandi ákvæða í gerðum sem eru samþykktar á grundvelli tilskipunar 90/675/EBE, ef við á.

Tilvísanir til tilskipunarinnar sem fellur úr gildi ber að skoða sem tilvísanir til þessarar tilskipunar í samræmi við samræmingartöfluna í IV. viðauka.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 255, 18.10.1968, bls. 23.

34. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög þau og stjórnarsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 1999.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

35. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

36. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

F. BODEN

forseti.

I. VIÐAUKI

YFIRRÁÐASVÆÐI SEM UM GETUR Í 1. GR.

1. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Belgíu.
 2. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Danmerkur, nema Færeyjar og Grænland.
 3. Yfirráðasvæði Sambandslýðveldisins Þýskalands.
 4. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Spánar, nema Ceuta og Melilla.
 5. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Grikklands.
 6. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Frakklands.
 7. Yfirráðasvæði Írlands.
 8. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Ítalíu.
 9. Yfirráðasvæði Stórhertogadæmisins Lúxemborgar.
 10. Evrópskt yfirráðasvæði Konungsríkisins Hollands.
 11. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Portúgals.
 12. Yfirráðasvæði Hins Sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Írlands.
 13. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Austurríkis.
 14. Yfirráðasvæði Lýðveldisins Finnlands.
 15. Yfirráðasvæði Konungsríkisins Svíþjóðar.
-

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR VIÐURKENNINGU SKOÐUNARSTÖÐVA Á LANDAMÆRUM

Til að hljóta viðurkenningu bandalagsins skulu skoðunarstöðvar á landamærum hafa:

- þá starfsmenn sem eru nauðsynlegir til að sannprófa skjölin (heilbrigðisvottorð, dýraheilbrigðisvottorð eða önnur skjöl sem mælt er fyrir um í löggjöf bandalagsins) sem fylgja afurðunum,
- nógu marga dýralækna og sérþjálfaða aðstoðarmenn til að þeir geti, með tilliti til þess magns afurða sem er afgreitt á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum, sannprófað samræmi á milli afurðanna og skjalanna sem fylgja þeim og haft kerfisbundið eftirlit með ástandi hvernar sendingar,
- nógu marga starfsmenn til að taka slembisýni úr sendingum afurðar sem er framvísað á tiltekinni skoðunarstöð á landamærum og vinna úr sýnunum,
- nógu rúmgott húsnæði fyrir starfsmennina sem annast dýraheilbrigðiseftirlitið,
- hreinlegt húsnæði og aðstöðu sem hentar við reglubundna greiningu og sýnatöku í samræmi við þessa tilskipun,
- hreinlegt húsnæði og aðstöðu sem hentar fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna í tengslum við kerfisbundna eftirlitið sem mælt er fyrir um í bandalagsreglum (örverufræðilegir staðlar),
- aðgang að þjónustu sérhæfðrar rannsóknarstofu þar sem unnt er að greina sýnin sem eru tekin á viðkomandi stöð,
- húsnæði og kæligeymslur þar sem unnt er að geyma hluta sendinga sem eru teknir til greiningar og afurðir sem opinberi dýralæknirinn sem ber ábyrgð á viðkomandi skoðunarstöð á landamærum hefur ekki enn gefið leyfi til að verði settar í frjálsa dreifingu,
- viðeigandi búnað fyrir hröð upplýsingaskipti, einkum við aðrar skoðunarstöðvar á landamærum (með tölvu-kerfinu sem kveðið er á um í 20. gr. tilskipunar 90/425/EBE eða Shift-áætluninni),
- aðgang að þjónustu starfsstöðvar sem hefur leyfi til að annast þá meðhöndlun sem kveðið er á um í tilskipun 90/667/EBE.

III. VIÐAUKI

EFTIRLIT MEÐ ÁSTANDI AFURÐA

Eftirlit með ástandi afurða á að tryggja að afurðirnar séu enn í því ástandi sem tilgreint er á dýraheilbrigðisvottorði eða -skjali. Þar af leiðandi skal sannprófa upprunaábyrgðir sem þriðja land hefur vottfest og ganga úr skugga um að flutningur á afurð hafi ekki rýrt upprunalegt ástand hennar, með:

- a) skynmati: lykt, litur, þéttleiki, bragð;
- b) einföldum eðlisfræðilegum eða efnafræðilegum prófunum: skera í sundur, þíða, sjóða;
- c) prófunum á rannsóknarstofu til að greina:
 - efnaleifar,
 - smitvalda,
 - aðskota- og mengunarefni,
 - merki um breytingar.

Vegna allra afurða skal:

- a) hafa eftirlit með flutningsskilyrðum og flutningatækjum, einkum til að athuga hvort kæligeymslu sé ábótavant eða ekki hafi verið um samfellda kælingu að ræða;
- b) bera raunþyngd sendingar saman við þyngdina sem gefin er upp á dýraheilbrigðisvottorði eða -skjali, og vigta alla sendinguna ef það er nauðsynlegt;
- c) athuga umbúðir og allar merkingar (stimpla, merkimiða) til að ganga úr skugga um að þær samræmist ákvæðum í löggjöf bandalagsins;
- d) athuga hitastig til að ganga úr skugga um að tilskilið hitastig samkvæmt löggjöf bandalagsins haldist í flutningi;
- e) rannsaka alla pakka sem tilheyra sendingu, eða sýni ef afurðir eru í lausri vigt, áður en skynmatsprófun, eðlisfræðileg prófun, efnafræðileg prófun og rannsóknarstofuprófanir fara fram.

Prófanirnar skulu gerðar á heilum flokki sýna úr allri sendingunni, sem má afferma að hluta til svo að hægt sé að ná til allra hluta hennar.

Rannsóknin skal taka til 1% stykkja eða pakka í sendingu, frá minnst tveimur stykkjum/pökkum upp í tíu að hámarki.

Dýraheilbrigðisyfirvöldum er þó heimilt að fara fram á umfangsmeira eftirlit, allt eftir afurðunum og eftir kringumstæðum.

Taka ber minnst fimm sýni úr ýmsum hlutum sendingar þegar vörur eru í lausri vigt;
- f) ef niðurstöður liggja ekki strax fyrir úr rannsóknarstofuprófunum á slembisýnum og engin yfirvofandi hætta er á ferðum fyrir heilbrigði manna eða dýra má láta sendinguna af hendi.

Hafi farið fram prófun á rannsóknarstofu vegna gruns um að vanræksla hafi átt sér stað eða vegna þess að niðurstöður úr fyrri prófunum hafa verið jákvæðar er þó ekki heimilt að láta sendinguna af hendi fyrir en niðurstöður prófana eru neikvæðar;
- g) einungis ber að afferma alla sendinguna í eftirtöldum tilvikum:
 - hleðslan er með þeim hætti að ómögulegt er að komast að allri sendingunni með því að afferma hana einungis að hluta til,
 - sýnatökueftirlit leiðir vanrækslu í ljós,
 - fyrri sending hefur leitt vanrækslu í ljós,
 - opinberi dýralæknirinn hefur grun um að vanræksla eigi sér stað;
- h) að loknu eftirliti með ástandi ber lögbæru yfirvaldi að staðfesta eftirlitið með því að setja formlegt stimpilmerki á alla pakka sem hafa verið opnaðir, endurinnsgla alla gáma og færa innsiglisnúmerið á skjalið sem á við umflutning um landamæri.

IV. VIÐAUKI
SAMRÆMINGARTAFLA

Tilskipun 90/675/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
a-liður 2. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 2. gr.
b-liður 2. mgr. 2. gr.	b-liður 2. mgr. 2. gr.
c-liður 2. mgr. 2. gr.	c-liður 2. mgr. 2. gr.
d-liður 2. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 2. gr.
e-liður 2. mgr. 2. gr.	e-liður 2. mgr. 2. gr.
f-liður 2. mgr. 2. gr.	f-liður 2. mgr. 2. gr.
g-liður 2. mgr. 2. gr.	g-liður 2. mgr. 2. gr.
h-liður 2. mgr. 2. gr.	k-liður 2. mgr. 2. gr.
3. gr.	—
4. gr.	—
5. gr.	12. gr.
6. gr.	13. gr.
7. gr.	—
1. mgr. 8. gr.	—
2. mgr. 8. gr.	b-liður 4. mgr. 4. gr.
3. mgr. 8. gr.	10. gr.
4. mgr. 8. gr.	9. gr.
9. gr.	6. gr.
10. gr.	—
11. gr.	—
12. gr.	11. gr.
13. gr.	14. gr.
14. gr.	16. gr.
15. gr.	—
16. gr.	17. gr.
17. gr.	18. gr.
18. gr.	19. gr.
18. gr. a	21. gr.
19. gr.	22. gr.
20. gr.	23. gr.
21. gr.	25. gr.
22. gr.	26. gr.
23. gr.	28. gr.
24. gr.	29. gr.
25. gr.	30. gr.
26. gr.	31. gr.
27. gr.	—
28. gr.	—
29. gr.	—
30. gr.	—
31. gr.	32. gr.
32. gr.	34. gr.
33. gr.	36. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
-	III. viðauki